




Uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Janúar - júní 2025

Fundur stafræns ráðs 24. september 2025




Uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs Janúar – júní 2025



Rekstur PON (m.kr.)	Raun 2025	Áætlun 2025	Frávik	%
Tekjur	1.695	1.224	470	38%
Laun og launat. gjöld	1.103	1.061	42	4%
Annar rekstrarkostnaður	3.364	2.587	777	30%
Nettó útgjöld	2.772	2.424	348	14,4%

- Nettó útgjöld voru 2.772 m.kr. eða 348 m.kr. umfram fjárheimildir (14,4%).
- **Tekjur** námu 1.695 m.kr. eða sem nemur 470 m.kr. yfir áætlun.
- **Laun og launatengd gjöld** námu samtals 1.103 m.kr. eða samtals 42 m.kr. umfram fjárheimildir ársins.
- **Annar rekstrarkostnaður** nam samtals 3.364 m.kr. sem er 777 m.kr. umfram fjárheimildir ársins.





Uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs Janúar – júní 2025

Málaflokkar PON - m.kr.	Tekjur	Áætlun 2024	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2024	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2024	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2024	Frávik tímabils	%
Borgarskjalasafn	1	1	0	57	57	1	43	53	-10	100	109	-9	-8,2%
Gagnþjónusta	79	0	79	65	76	-12	26	-23	49	12	53	-41	-77,7%
Upplýsinga- og skjalastýring	53	9	44	93	53	40	46	60	-15	85	104	-19	-18,3%
Rekstrarþjónusta	49	43	6	47	72	-26	325	242	82	322	271	51	18,8%
Stafræn Reykjavík	197	52	146	265	256	10	77	-48	125	145	156	-11	-7,0%
Miðlæg skrifstofa PON	5	1	4	81	83	-2	35	44	-8	112	126	-14	-11,3%
Upplýsingatækniþjónusta	1.237	1.108	130	295	228	67	2.684	2.215	470	1.742	1.335	407	30,5%
Þjónusta og umbreyting	74	11	63	200	236	-36	128	45	83	254	269	-15	-5,6%
Rekstur samtals	1.695	1.224	470	1.103	1.061	42	3.364	2.587	777	2.772	2.424	348	14,4%
Eignasjóður fjárfestingar	0	0	0	0	0	0	604	800	-196	604	800	-196	-24,5%
Samtals	1.695	1.224	470	1.103	1.061	42	3.968	3.387	581	3.376	3.224	152	4,7%

- Rekstrarþjónusta** var 51 m.kr. yfir fjárheimild tímabilsins. Nauðsynlegt var að ráðast í umfangsmiklar úrbætur varðandi öryggi í ráðhúsinu, að beiðni borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við eignasjóð og umhverfis- og skipulagssvið. Kostnaður vegna þessa umfram fjárheimildir á tímabilinu nemur 63,2 m.kr. og skiptist í staðbundna öryggisgæslu og aðkeyptan búnað og sérfræðiþjónustu.
- Upplýsingatækniþjónusta** var samtals 407 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins. Laun og launatengd gjöld voru 67 m.kr. umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 470 m.kr. umfram fjárheimildir en kerfisrekstur var 211 m.kr. umfram fjárheimildir og notendapjónusta var 253 m.kr. umfram fjárheimildir. Reikningur fyrir Microsoft 365 leyfi að fjárhæð 133 m.kr. barst á júní tímabil en gert hafði verið ráð fyrir honum á júlí tímabili. Þá var reikningur vegna Cisco netbúnaðar fyrir skólaumhverfi að fjárhæð 48 m.kr. bókaður á rekstur en átti að eignfæra. Það verður leiðrétt í næsta uppgjöri. Rekstur gagnavers og gangsetning á því tafðist á þann hátt að það þurfti að viðhalda eldra fyrirkomulagi lengur en gert var ráð fyrir. Þessi seinkun hafði í för með sér verulegan kostnað, sem nemur um 38 m.kr. Við greiningu á aðdraganda tafarinnar kom í ljós að hluta kostnaðarins má rekja til birgjans. Viðræður um mögulegar skaðabætur eru nú í gangi.



Reykjavík